

Garðabæ 4. nóvember 2016

Kennarar í Garðabæ upplifa nýlegan úrskurð kjararáðs um miklar launahækkanir til útvalinna aðila sem kornið sem fylli mælinn. Kennarar telja sig sinna jafn ábyrgðarmiklu starfi og alþingismenn. Auk þess er kennurum skylt að vera með fimm ára háskólanám að baki.

Kennarar hafa enga þolinmæði lengur í samningaviðræðum við sveitarfélögin, þar sem starf okkar er ítrekað skilgreint og mátað inn í hinar og þessar jöfnur. Það er algerlega óháð því hvort kjararáð dragi úrskurð sinn til baka. Kennarar hafa nú þegar verið samningslausir í alltof langan tíma.

Því förum við fram á að nú verði laun kennara leiðrétt, rétt eins og laun alþingismanna. Kominn er tími til að laun grunnskólakennara verði jöfn launum framhaldsskólakennara og annarra háskólamenntaðra stétta.

Á sama tíma og rætt er um sveigjanleika á vinnumarkaði og að gera skuli vinnuna fjölskylduvænni, er kennurum sýnt mikið vantraust með aukinni bundinni viðveru. Við kjósum frekar að okkur sé sýnd sú virðing og traust að við séum fær um að sinna starfi okkar og það sé hlutverk skólastjóra að meta hvort við sinnum skyldum okkar.

Ofan á þetta hafa kennarar svo þurft að taka að sér að innleiða nýja aðalnámskrá inn í skólastarfið, að mestu eða öllu leyti án þess að fá til þess tíma eða greiðslu. Námskrá sem kollvarpar algjörlega áherslum í námsmati og kennslu. Á sama tíma stendur í kjarasamningi kennara að greiða skuli sérstaklega fyrir umfangsmikla námskrárvinnu. Þessi vinnubrögð ríkis og sveitarfélaga hafa því bitnað á gæðum kennslu og aukið álagið á kennarastéttinni enn frekar. Engin leið er fyrir kennara að sinna undirbúningi kennslu og úrvinnslu, innan tímans sem til þess er ætlaður, því hann hefur meira eða minna farið í aðlögun námskrár og námsmats.

Hvorki sveitarfélögin né ríkið geta lengur vikið sér undan ábyrgð á erfiðu ástandi í grunnskólum landsins með því að fela sig á bak við samninganefnd sveitarfélaga. Það er gjörsamlega ólíðandi að finna fyrir þeirri þrúgandi tilfinningu að fólk geti ekki lifað af launum sínum.

Við getum ekki séð að það samrýmist skólastefnu Garðabæjar að gera tilraunir með hvað kennarar í Garðabæ láti bjóða sér lág laun og mikið vinnuálag. Við höfum fengið nóg og förum fram á aðgerðir tafarlaust af hálfu sveitarfélagsins Garðabæjar til að koma í veg fyrir flóttu kennara í önnur störf. Skólastarf í Garðabæ er í húfi.

Grunnskólakennarar í Garðabæ